

Skýrsla stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags

– flutt á aðalfundi 28. febrúar 2022

Aðalfundur fyrir starfsárið 2020 var haldinn 25. febrúar 2021 rafrænt (á Zoom) að loknu erindi Bryndísar Marteinsdóttur, Gróður- og jarðvegsauðlindir Íslands: Ástand og nýting.

SKIPUN STJÓRNAR

Á aðalfundi 25. febrúar 2021 rann út kjörtímabil þriggja stjórnarmanna, þeirra Hrefnu Sigurjónsdóttur, Bryndísar Marteinsdóttur og Gróu Valgerðar Ingimundardóttur. Bryndís Marteinsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en það gerðu Hrefna og Gróa Valgerður, og jafnframt gaf Guðmundur Björnsson kost á sér.

Kosningar til stjórnar fóru þannig að Hrefna og Gróa Valgerður voru endurkjörnar og auk þeirra var Guðmundur Björnsson kjörinn stórnarmaður. Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnar, þeir Steinþór Niésson og Sveinbjörn Egill Björnsson. Bryndísi Marteinsdóttur var ásamt öðrum fráfarandi stjórnarmönnum þakkað kærlega fyrir ómetanlegt framlag til félagsins, því það er ekki sjálfsagt að fólk gefi tíma sinn til slíkra starfa án þess að krefjast neins í staðinn nema ánægju og félagsskapar.

Stjórn skipti með sér verkum að loknum aðalfundi og var þannig skipuð:

Ester Rut Unnsteinsdóttir, formaður
Hrefna Sigurjónsdóttir, varaformaður
Gróa Valgerður Ingimundardóttir, ritari
Snæbjörn Guðmundsson, gjaldkeri
Anna Heiða Ólafsdóttir, félagsvörður
Helena W. Óladóttir, fræðslustjóri
Guðmundur Björnsson, kynningarstjóri.

Breytingar urðu í stjórn á árinu. Annars vegar baðst Guðmundur Björnsson undan stjórnarsetu í júlí vegna anna. Hins vegar hætti Snæbjörn Guðmundsson í stjórn af persónulegum

ástæðum í nóvember. Engir varamenn eru kjörnar til stjórnar félagsins og því hefur stjórn verið skipuð fimm manns í stað sjö, að formanni meðtöldum, á síðasta fjórðungi starfsársins. Formaður tók að sér hlutverk gjaldkera en hægt gekk að fá prókúru og aðgang að rafrænum skjalasvæðum vegna breyttra reglna um skilyrt samþykki allra stjórnarmanna með rafrænum skilríkjum, sem ekki allir hafa. Er þetta meðal annars ástæða þeirra tillagna að lagabreytingum sem stjórn leggur fyrir þennan fund. Rafrænt samþykki meirihluta stjórnar ætti að nægja til að breyta um prókúruhafa enda ótækt að slík mál tefjist í langan tíma eftir niðurstöður aðalfundar ár hvert.

Óhætt er að segja að verkefni síðasta stjórnarárs hafi verið ærin og krefjandi en stjórnin hefur komið miklu áleiðis, þótt ekki hafi gefist mörg tækifæri til að koma saman í raunheimum vegna heimsfaraldursins.

Á árinu voru haldnir 13 reglulegir stjórnarfundir en auk þess nokkrir óformlegir fundir stjórnar vegna sérstakra mála eftir því sem þörf var á. Jafnframt átti stjórn og/eða formaður fundi með ritstjóra og forstöðumanni NMSÍ vegna endurskoðunar á útgáfunni, samstarfssamninga og ráðningar nýs ritstjóra.

FÉLAGSMENN

Félagsmönnum fjölgaði um sjö frá fyrra ári, þar sem nýir félagar voru 23 en 11 hættu og 5 létust. Heildarfjöldi félagsmanna var 1069 í árslok 2021. Þar af voru 4 heiðursfélagar, 3 ævifélagar, 1 kjörfélagi, 38 nemar og 99 fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Meðal félaga sem létust voru tveir heiðursfélagar:

Fyrirverandi formaður félagsins og heiðursfélagi, Eyþór Einarsson grasafraeðingur, lést þriðjudaginn 24. nóvember 2021, 92 ára að aldri. Eyþór vann ötullega að félagsmálum og var formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga 1960–1962, ritari Hins íslenska náttúrufræðifélags 1960–1964 og formaður þess 1964–1966 og 1976–1980.



Kýrfoss í Hornvík. Ljós. Ester Rut Unnsteinsdóttir.

Fyrirverandi formaður félagsins og heiðursfélagi, dr. Arnþór Garðarsson fuglafræðingur, lést á nýársdag 2022, 83 ára að aldri. Árið 2010 var æviágrip Arnþórs birt í Náttúrufræðingnum í tilefni sjötugsafmælis hans, sem ritað var af Gísla Má Gíslasyni, Árna Einarssyni og Þóru Ellen Þórhallsdóttur.

ÚTGÁFA

Náttúrufræðingurinn

Á árinu komu út fjögur hefti 91. árgangs tímaritsins í tveimur blöðum. Hefti 1.–2. (87 bls.) kom út um vorið og hefti 3.–4. (174 bls.) í byrjun janúar 2022. Stefnt er að því að hér eftir komi seinna heftið út fyrir áramót. Höfundum og ritrynum greina er þakkað þeirra framlag. Frá og með 3.–4. hefti var aðgangur opnaður að Náttúrufræðingnum á timarit.is og má nú lesa greinarnar þar á sama tíma og tímaritið kemur út.

Ritstjórn Náttúrufræðingsins

Ritstjórn Náttúrufræðingsins var sú sama og á síðasta ári:

Droplaug Ólafsdóttir, dýrafræðingur, formaður
Esther Ruth Guðmundsdóttir, jarðfræðingur
Hlynur Óskarsson, vistfræðingur
Hrefna Sigurjónsdóttir, líffræðingur, fulltrúi stjórnar HÍN
Sindri Gíslason, sjávarlíffræðingur
Tómas Grétar Gunnarsson, dýravistfræðingur
Þóroddur F. Þóroddsson, jarðfræðingur.

Ritstjórn vinnur ómetanlegt starf í þágu útgáfunnar og er ritstjórnarmönnum hér með þakkað fyrir sitt framlag. Ritstjóri var Álfheiður Ingadóttir og var 91. árgangur sá síðasti sem hún ritstýrði.

Ritstjóri boðaði að venju reglulega til ritstjórnarfundar og einstakir ritstjórnarmenn lásu með ritstjóra innsendar greinar til að meta hvort þær stæðust kröfur og hvaða flokki þær tilheyru, og einnig gerðu ritstjórnarmenn tillögur að ritrynum. Ritstjórnin fékk sendar tillögur um nýja ritstjórnarstefnu frá stjórn HÍN og brást við þeim. Stefnan birtist bráðlega á heimasíðu Náttúrufræðingsins og er enn verið að vinna verk-lagsreglur og leiðbeiningar samkvæmt henni með ritstjóra.

Í lok ársins 2021 var Margrét Rósa Jochumsdóttir ráðin nýr ritstjóri og hóf hún störf eftir áramót.

Vefútgáfa Náttúrufræðingsins

Áfram var unnið að því að koma útgáfu tímaritsins á vefinn. Verkefnastyrkur hafði fengist frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í janúar 2020 að upphæð ein milljón króna. Snæbjörn Guðmundsson, þáverandi gjaldkeri HÍN, tók að sér verkstjórnina. Honum til halds og trausts var skipaður svokallaður vefhópur, og störfuðu í honum tveir fulltrúar ritstjórnar Náttúrufræðingsins, þau Droplaug Ólafsdóttir og Sindri Gíslason, og tveir fulltrúar úr stjórn HÍN auk Snæbjörns, þær Gróa Valgerður Ingimundardóttir og Helena W. Óladóttir.

Framgangur verkefnisins hefur því miður ekki verið með fullnægjandi hætti og nýleg tölublöð eru ekki ennþá aðgengi-



Seiglurnar á siglingu í Djúpinu í Kvennasiglingunni 2021. Ljós. Halla Ólafsdóttir.

leg á vefnum. Á vordögum 2021 var ætlunin að opna síðuna með formlegum hætti og þá fyrst voru drög að henni kynnt stjórn og vefhóp. Þá var ljóst að hún stóð engan veginn undir þeim væntingum sem til hennar voru gerðar og hafði þarfa greining vefhópsins verið virt að vettugi. Engu að síður hafði styrkurinn verið greiddur hönnuði án fyrirbyggjandi samninga, verkáætlunar eða gagna sem styddu framgang verkefnisins. Sagði Snæbjörn sig í kjölfarið frá verkefninu og tók vefhópurinn alfarið við því undir stjórn Helenu.

Því miður hefur þessi töf haft þær afleiðingar að félagið hefur ekki kost á frekari styrkveitingum opinberra aðila á árinu. Óskaði umhverfisráðuneytið eftir greinargerð um málið, ellegar yrði gerð krafa um endurgreiðslu styrksins. Stjórn HÍN skilaði greinargerð í ársbyrjun og þótti hún fullnægjandi af ráðuneytisins hálfu. Fékkst lokahluti styrksins greiddur og er því máli þar með lokið. Það er miður að töf hafi orðið á opnun vefritsins en fullur vilji er til að halda áfram verkinu og áhersla lögð á að ljúka því hið fyrsta. Margrét Rósa Jochumsdóttir, nýráðinn ritstjóri, hefur mikla reynslu og þekkingu af slíkri útgáfu. Hún hefur gert úttekt á málinu og komið með tillögu að leið sem virðist bæði farsæl og hagkvæm. Vefhópurinn vinnur áfram með Margréti að því að koma vefnum í gagnið fyrir haustið.

STARFSMAÐUR VEFÚTGÁFUNNAR

Vinumálastofnun samþykkti að veita félaginu styrk fyrir einu stöðugildi í 2½ mánuð sumarið 2021. Var styrkurinn liður í atvinnuáttaki fyrir námsmenn og var stefnt að ráðningu

nema í náttúru- og/eða fjölmiðlafræði til að vinna eldra efni Náttúrufræðingsins fyrir nýja vefsíðu. Snæbjörn, þáverandi gjaldkeri HÍN, sá um ráðninguna og bauð Hilmar Malmquist viðkomandi aðstöðu í húsnæði NMSÍ á Suðurlandsbraut. Ráðinn var nemi til verksins en því miður skilaði þetta ekki þeim árangri sem stjórn HÍN hafði vænst.

FRÆÐSLA OG VIÐBURÐIR

Fræðsluerindi/hlaðvarp

Hlaðvarpið *Hinir íslensku náttúrufræðingar* fór í loftið á haustmánuðum 2020. Sex nýir þættir bættust við árið 2021 og var þar rætt við náttúrufræðinga um líf þeirra og fræðistörf. Þetta eru sérlega skemmtileg viðtöl og er stjórn mjög ánægð með hvað þættirnir hafa fengið góðar viðtökur. Þættirnir eru aðgengilegir á öllum helstu hlaðvarpsveitum auk heimasíðu HÍN. Helena W. Óladóttir og Hafdis Hanna Ægisdóttir höfðu umsjón með gerð hlaðvarpsins.

Fræðsluferðir

Farin var ein fræðsluferð, í samstarfi við Bókasafn Mosfellsbæjar. Gengið var úr Blikastadakró, yfir göngubrú og eftir ströndinni, beint fyrir ofan árosinn þar sem Korpa rennur í Leiruvoginn. Svæðið liggur á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og einkennist af sjávarfitjum, grýttum þangfjörum og víðáttumiklum leirum. Þarna er mikið fuglalíf á öllum árstímum.



Seiglurnar staddar fyrir utan Hornbjarg í Kvennasiglingunni 2021. Ljós. Halla Ólafsdóttir.

Járngerður Grétarsdóttir, plöntuvistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, sagði frá því sem markvert var að sjá af gróðri og Hrefna Sigurjónsdóttir, líffræðingur og varaformaður HÍN, fjallaði um ýmis sérkenni lífvera fjörunnar (þang og smádyr) og benti að auki á fugla í fjörunni og utan hennar. Góð þátttaka var í ferðinni og mættu um 30 manns á öllum aldri (5– 80 ára). Þrátt fyrir hressilega skúr var gerður góður rómur að ferðinni og voru þátttakendur, sem og skipuleggjendur, mjög ánægðir með daginn.

STUÐNINGUR VIÐ ÝMIS MÁLEFNI

Málþing

Hinn 28. september var öld liðin frá láti Þorvalds Thoroddsens, hins heimsþekkta frumkvöðuls á sviði jarð- og náttúrufræða. Málþing var haldið honum til heiðurs í Þjóðarþóklöðunni og hans minnst með fræðandi erindum og opnun sýningar. Að málþinginu stóðu Náttúruminjasafn Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofa Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag, Jarðfræðafélag Íslands, Líffræðifélag Íslands, Jöklarannsóknafélag Íslands og Vísindafélag Íslands. Undirbúningur málþingsins var í umsjá Náttúruminjasafnsins og vann Snæbjörn Guðmundsson meðal annars að honum. Stjórn samþykkti að styðja málþingið með 150 þúsund kr. framlagi.

Hafið er okkar umhverfi – Kvennasigling 2021

Markmiðið með Kvennasiglingarverkefninu var vekja athygli á umhverfismálum hafsins og hvetja konur til að sigla. Um var að ræða sjálfsprottið frumkvæði sex íslenskra kvenna. Siglt var á 50 feta skútu umhverfis landið í júní og júlí og bauðst konum hvaðanæva af landinu að taka þátt í siglingunni hluta úr leiðinni. Alls tóku 30 konur þátt í siglingunni og vakti verkefnið verðskuldaða athygli. Konurnar kalla sig Seiglu enda þarf seiglu til að sigla og einnig þarf seiglu til að takast á við umhverfisáskoranir framtíðarinnar. Hópurinn stóð fyrir ráðstefnu á Ísafirði, málþingi á Akureyri og tileinkaði sér hæglæti á Djúpvogi. Siglingin var farin í samstarfi við þrjú ráðuneyti og við félagasamtök um siglingar og fyrirtæki í sjávarútvegi og auk þess lagði fjöldi annarra aðila málefnið lið. Nánar má lesa um framtakið á vefsíðu þess: <https://kvennasigling.weebly.com/>. Stjórn samþykkti að styðja málþingið á Akureyri með 150 þúsund kr. framlagi.

FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

Í febrúar 2021 var varaformaður HÍN tilnefndur til tveggja ára í þriggja manna hóp sem hefur haft það hlutverk að vera tengiliður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (nú umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis) og náttúru- og umhverfisverndarsamtaka sem eiga fulltrúa í ýmsum nefndum sem ráðherra skipar. Hópurinn leitast eftir tilnefningum frá félögum. Þegar tilnefningar eru komnar kjósa formenn félaganna á milli frambjóðandanna og hópurinn



Fræðsluferð HÍN 2021. Gengið var úr Blikastaðakró og eftir ströndinni. Ljós. Ester Rut Unnsteinsdóttir.



Fræðsluferð HÍN 2021. Hrefna Sigurjónsdóttir líffræðingur fjallaði um ýmis sérkenni lífvera fjörunnar. Ljós. Ester Rut Unnsteinsdóttir.

tilkynnir ráðuneytinu niðurstöðuna. Hópurinn er einnig til reiðu þegar ráðuneytið þarf að koma upplýsingum áleiðis og/eða vill ræða breytingar á samstarfssamningi við félögin. Virkni félagsins í málum sem þessum er meðal þeirra atriða sem tekin eru til greina í afgreiðslu styrkumsókna félagsins til stjórnarráðsins.

Árið 2021 tók félagið þátt í eftirfarandi tilnefningum:

Hinn 10. júní sendu tengiliðirnir tilnefningar í fagræð náttúruminjaskrár. Tilnefnd var Erla Dóra Vogler, jarðfræðingur og óperusöngkona, og til vara Hrafnhildur Hannesdóttir, jarðfræðingur og jöklafræðingur.

Hinn 1. maí var tilnefnd í stýrihóp vegna áætlunar um loftgæði á Íslandi 2018–2029 Gerður Stefánsdóttir, líffræðingur og yfirverkefnastjóri umhverfis- og auðlindamála hjá Veðurstofu Íslands, og til vara Hafþór Ingi Ragnarsson, sjötta árs læknanemi.

Hinn 6. apríl 2021 var Helena Westhöfer Óladóttir skipuð varafulltrúi í svæðisráð vestursvæðis í Vatnajökulsþjóðgarði í stað Arnar Óskarssonar sem sagði sig frá starfinu.

Hinn 25. febrúar 2021 var Tinna Hallgrímsdóttir skipuð í ráðgjafarhóp vegna rannsóknarverkefnis um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Þann 24. febrúar 2021 var Auður Önnu Magnúsdóttir framkvæmdastjóri Landverndar skipuð í nefnd til að annast veitingu umhverfisviðurkenningar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Kuðungsins.

ÁLYKTANIR OG UMSAGNIR

Á vordögum 2021 bárust fréttir af því að landselur dræpist í stórum stíl þegar hann flæktist í netum fiskiskipa. Af því tilefni var skrifað samhljóða bréf til Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Bréfið undirrituðu formaður HÍN og framkvæmdastjóri Landverndar. Bréfinu fylgdi greinargerð um málið og var bedið um fund til að fá svör við því hvernig stjórnvöld hygðust bregðast við. Greinargerðina vann óformlegur faghópur félagsins um málefni spendýra. Fundurinn var aldrei haldinn.

Árið 2020 voru sett fram drög að landsáætlun um skógrækt og opnað fyrir umsagnir og ályktanir um þau í samráðsgátt stjórnvalda. Málið var síðar fjarlægð úr samráðsgáttinni

og flutt á vefsetur Skógræktarinnar sem hafði umsjón með vinnslu áætlunarinnar, en verkefnið hélt áfram á þeim vettvangi. Skógræktin kallaði í kjölfarið eftir svörum við fjölda spurninga sem sendar voru 17 samráðsaðilum, þar á meðal HÍN. Svörum átti að skila í viðtali við forsvarsmenn Skógræktarinnar en félagið fór fram á að fá jafnframt að skila skriflegu svari. Stjórn fékk tvo fyrrverandi formenn félagsins, þær Þóru Ellen Þórhallsdóttur og Kristínu Svavarsdóttur plöntuvistfræðinga, til að vinna svör við spurningum Skógræktarinnar í samvinnu við formann og varaformann. Voru þau send í júní 2021 og fór Þóra Ellen á fundinn. Í stuttu máli var gerður fjöldi athugasemda við framlagða skógræktaráætlun. Mörg félög, stofnanir og aðrir aðilar skiluðu athugasemdum sambærilegum og HÍN, og í kjölfarið hefur áhugahópur sem í eru fyrr- og núverandi starfsmenn stofnana og fulltrúar frjálsra félagasamtaka, svo sem Fuglaverndar og Vistfræðifélagsins, haldið nokkra fundi til að safna saman efni til kynningar fyrir ráðherra. Fundur með Svandísi Svavarsdóttur, ráðherra málaflokksins, var svo haldinn 9. febrúar 2022. Samkvæmt svörum frá ráðherra verður landsáætlun um skógrækt endurskoðuð, og hyggst hópurinn fylgja málinu eftir.

SAMSTARF VIÐ NÁTTÚRUMINJASAFNIÐ

Samkvæmt samningi frá 2014 hafa HÍN og Náttúruminjasafnið kostað útgáfu *Náttúrufræðingsins* í sameiningu, sinn helming hvort. Í kjölfar nýlegra breytinga á ritstjórnarstefnu og vegna fyrirhugaðrar vefútgáfu tímaritsins var samstarf félagsins og Náttúruminjasafnsins um útgáfuna endurskoðað. Formaður fundaði með forstöðumanni NMSÍ og ritstjóra og varð að samkomulagi að samningurinn milli félagsins og safnsins frá 2014, auk ráðningarsamnings við ritstjóra, rynni út um áramót. Nokkrir aðrir fundir voru haldnir og tók Hrefna Sigurjónsdóttir, varaformaður HÍN, þátt í samningaviðræðum ásamt formanni. Endurskoðun samningsins önnuðust stjórn félagsins og Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður NMSÍ, og var hann undirritaður í desember 2021. Samningurinn var í kjölfarið birtur á vefsetri félagsins.

Í nóvember var auglýst eftir nýjum ritstjóra, og skyldi hann hefja störf í ársbyrjun 2022. Texta auglýsingarinnar sömdu formaður og varaformaður ásamt Hilmari. Alls bárust sex umsóknir um starfið og varð samhljóða niðurstaða beggja aðila að ráða Margréti Rósu Jochumsdóttur nýjan ritstjóra Náttúrufræðingsins.

Margrét hefur meistaraþróf í hagnýtri ritstjórn og útgáfu og hefur víðtæka reynslu af útgáfu og vefumsjón. Hún stundar nú nám í umhverfis- og auðlindafræði. Margrét sér um hefðbundna útgáfu Náttúrufræðingsins og hefur að auki umsjón með nýrri vefútgáfu tímaritsins. Hún hefur störf í janúar 2022 og hefur þegar fundað með ritstjórn og fulltrúum stjórnar í vefhóp. Við bjóðum Margréti velkomna til starfa og hlökkum til samstarfsins. Álfheiði Ingadóttur, fráfarandi ritstjóra, þökkum við kærlega fyrir áratugastarf við útgáfu blaðsins.

Meðal þess sem rætt hefur verið í þessum samningaviðræðum er merking tímaritsins. Mikilvægt er að í þessari

skýrslu komi fram að stjórn er einhuga um að *Náttúrufræðingurinn* sé tímarit Hins íslenska náttúrufræðifélags og að því verði ekki breytt. Útgáfan hefur verið samstarfsverkefni ýmissa aðila í gegnum tíðina, og kemur það fram á forsiðu, í blaðupplýsingum og víðar hverjir standa að útgáfunni. Stjórnarmenn finna til mikillar ábyrgðar í þessu máli sem kjörnir fulltrúar félagsins.

MÁLEFNI NÁTTÚRUMINJASAFNSINS

Hin mikla barátta um lausn á húsnæðisvanda Náttúruminjasafnsins hefur frá upphafi verið víðamesta málefni HÍN, auk útgáfu Náttúrufræðingsins. Stjórn félagsins hefur aldrei látið sitt eftir liggja við að greiða götu safnsins eftir bestu getu, eins og fram hefur komið í ársskýrslum undanfarna áratugi. Sú breyting hefur orðið að á síðasta stjórnarári hefur stjórn ekki tekið beinan þátt í málum safnsins og ekki verið upplýst um málefni þess með sama hætti og áður hefur verið. Er það kannski merki um að safnið sé nú í öruggri höfn og að ekki sé lengur þörf á stuðningi frá félaginu? Stjórn HÍN óskar safninu alls hins besta og hlakkar til þess að félaginu verði boðið til opunar Náttúruhúss á Nesinu þegar þar að kemur.

LOKAORÐ

Eins og fram hefur komið hefur síðastliðið stjórnarár verið viðburðaríkt og krefjandi. Þrátt fyrir að lítið hafi farið fyrir hefðbundnu starfi með þátttöku félaga, annað árið í röð, hefur mjög margt áunnist. Eins og sagt var frá hér að framan. Vefútgáfan hefur reynst víðameiri en gert var ráð fyrir og reyndi það mál mjög á stjórnarliða. Nú hefur birt verulega til í þeim efnum og þótt ekki sé hægt að opna vef Náttúrufræðingsins á þessum ársfundi, eins og áætlað var, verður þessi árgangur (2022) gefinn út bæði á prenti og á vef. Þeim tímamótum ætlum við að fagna. Sú metnaðarfulla stefna hefur verið sett að efni Náttúrufræðingsins verði opið og aðgengilegt án þess að það komi niður á gæðum eða fagmennsku. Til þess þarf að tryggja fjármagn. Fráfarandi stjórn hefur rætt nokkrar hugmyndir til að efla og styrkja félagið og verður verk nýrrar stjórnar að halda áfram þeirri vinnu. Við viljum fjölga félögum og fá samtök og stofnanir til að leggja meira fé til starfsins en almenn félagsgjöld. Nýr vefur Náttúrufræðingsins, með nútímalegri leið til birtingar greina og annars fræðsluefnis um málefni náttúrunnar, verður vonandi til þess að laða að fleiri aðila sem vilja styðja slíka útgáfu. Auk þess þarf að fara yfir eignir og birgðir félagsins og meta hvað af þeim er hægt að nýta til fjáröflunar til verkefna félagsins.

Við verðum vör við mikinn áhuga á starfi félagsins og þeirri stefnu sem hér hefur verið reifuð. Sú staðreynd að auðvelt hefur verið að fá fólk úr röðum félaga til að ganga í stjórn segir okkur að við erum á réttri leið.

Ester Rut Unnsteinsdóttir, formaður

Reikningar Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið 2021

REKSTRARREIKNINGUR 2021

	Skýringar	2021	2020
REKSTRARTEKJUR			
Árgjöld og áskriftir	(1)	5.173.801	5.795.382
Bækur, veggspjöld og aðrar vörur	(2)	118.942	289.126
Rekstrarstyrkur UAR		1.300.000	1.420.011
Verkefnastyrkur UAR v. vefsíðu		750.000	
Styrkur frá Vinnumálastofnun v. sumarstarfsm		1.318.028	
REKSTRARTEKJUR ALLS		8.660.771	7.504.519
REKSTRARGJÖLD			
Útgáfumál og ritstjórn	(3)	6.512.298	5.180.178
Laun og launatengd gjöld	(4)	1.505.641	-
Almennur rekstrarkostnaður	(5)	1.032.336	791.803
REKSTRARGJÖLD ALLS		9.050.275	5.971.981
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		-389.504	1.532.539
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur og verðbætur		7.715	11.722
Vaxtagjöld	(6)	-1.696	-
Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld		6.019	9.143
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		-383.485	1.541.682

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

	Skýringar	2021	2020
EIGNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Sjóður og bankainnistæður	(7)	5.913.042	6.265.384
Viðskiptamenn		1.869.717	2.309.400
Birgðir		1.795.477	1.795.477
VELTUFJÁRMUNIR ALLS		9.578.236	10.370.261
EIGNIR SAMTALS		9.578.236	10.370.261
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé	(9)	14.598.995	14.982.480
EIGIÐ FÉ ALLS		14.598.995	14.982.480
SKULDIR			
Lánardrottinnar		4.715.821	3.000.000
Virðisaukaskattur	(8)	-	-
SKULDIR ALLS		4.715.821	3.000.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		19.314.816	17.982.480

Reykjavík, 28. febrúar 2021

Ester Rut Unnsteinsdóttir

SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2021

	2020	2019	2020	2019
1. ÁRGJÖLD OG ÁSKRIFTIR				
Félagsgjöld	5.173.801	5.795.382		
ALLS	5.173.801	5.795.382		
2. BÆKUR, VEGGSPJÖLD, FERÐIR O.FL.				
Seldar bækur	-	-		
Seld veggspjöld	-	-		
Sala Náttúrufræðingshefta	118.942	59.126		
CD Kúnstir náttúrunnar SÞ	-	-		
Rekstrarstyrkur/auglýsingar	-	230.000		
ALLS	118.942	289.126		
3. ÚTGÁFUMÁL OG FRAMKVÆMDASTJÓRN				
NÁTTÚRUFRÆÐINGURINN <i>(helmingur á móti Náttúruminjasafni Íslands)</i>				
Ritstjórn, umbrot, prófarkalestur	5.000.000	5.374.706		
Prentun og bókbönd	1.860.500	1.913.635		
Dreifing	589.121	470.360		
Framlag NMSÍ til prent- og dreifingarkostnaðar	-2.000.000	-		
HEIMASIÐA NÁTTÚRUFRÆÐINGSINS				
Hönnun og forritun	1.016.800	-		
Hýsing, lén (Avista og ISNC)	45.877	-		
SAMTALS	6.512.298	7.758.701		
4. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD				
Laun sumarstarfsmanns VMST v. heimasíðu	946.053	-		
Launatengd gjöld og skattar	559.588	-		
ALLS	1.505.641	-		
5. ALMENNUR REKSTRARKOSTNAÐUR				
SÖLU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR				
Heimasíða Hins íslenska náttúrufræðifélags (www.hin.is)				
Hýsing, lén (Wordpress og ISNC)	51.950	-		
Netföng og drif (Goggle)	35.560	-		
Ritföng og prentun	-	-		
Bókhaldskostnaður, Regla	276.363	131.027		
Matar og kaffikostnaður	64.105	17.200		
Styrkir	150.000	440.000		
Félagsgjöld - Landvernd, Náttúruverndarsamtök	-	-		
Funda/ráðstefnukostnaður	330.000	-		
Ýmislegt án VSK.	-	13.165		
Þjónustukostnaður v. innheimtu	124.358	190.411		
ALLS	1.032.336	791.803		
6. VAXTAGJÖLD				
Vaxtagjöld og verðbætur			-	11.722
Dráttarvextir			-	-
Fjármagnstekjuskattur			1.696	2.579
ALLS			1.696	14.301
7. SJÓÐUR OG BANKAINNSTÆÐUR				
Landsbankinn 0111-26-014798			70.916	-
Íslandsbanki Vaxtasproti 0566-14-552165			5.822.288	6.245.540
Íslandsbanki Vaxtaþrep-grunnþrep 0566-04-200381			2.711	2.706
Íslandsbanki Alm. veltureikn. 0513-26-401889			15.504	15.518
Íslandsbanki Gullvild fyrirtækja 0566-26-002165			-	-
Íslandsbanki Vaxtaþrep 0566-04-251745			1.623	1.620
ALLS			5.913.042	6.265.384
8. VIRÐISAUKASKATTUR				
Útskattur			-	-
Uppgjörsreikningur fyrir VSK.			-	-
ALLS			-	-
9. EIGIÐ FÉ				
Höfuðstóll			14.982.480	13.440.798
Jöfnun á höfuðstól			-	-
Hagnaður (tap) ársins			-383.485	1.541.682
ÓRÁÐSTAFIÐ EIGIÐ FÉ			14.598.995	14.982.480